



Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 24. janúar 2000.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Félag íslenskra leikskólakennara leggst eindregið gegn því að lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna verði breytt á þann hátt sem lagt er til í frumvarpinu.

Rök fyrir því eru eftirfarandi:

1. Brot á samkomulagi.

Með frumvarpinu er verið að rifta samkomulagi sem undirritað var í nóvember 1986 milli BSRB, BHM og Bandalags kennarafélaganna annars vegar og fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar. Lögin sem hér um ræðir voru m.a. sett á grundvelli þess samkomulags.

Það er óviðunandi fyrir stéttarfélög og félagsmenn þeirra að fjármálaráðherra ætli að breyta lögnum einhliða án samráðs við samtök launafólks og rifta með því samkomulagi sem gilt hefur í samskiptum þessara aðila til margra ára. Slíkar þvinganir eru til þess eins að ala á ófriði og tortryggni milli samningsaðila. Auk þess má túlka riftun á samkomulagi um þær reglur sem gilda, brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings. Það skýtur skökku við þegar markmiðið með lagabreytingunni er að tryggja það að friðarskyldan sé haldin af hálfu launafólks.

2. Áframhaldandi ósamræmi.


Aðalrökin sem fram koma í athugasemdum fyrir frumvarpinu eru þau að engin rök standi til þess að aðrar reglur gildi um friðarskyldu opinberra starfsmanna en gildir á almennum vinnumarkaði. Í niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 7/1999 þar sem fjallað var um lögmæti uppsagna 11 leikskólakennara í Árborg kemur fram að ekki sé hægt að jafna uppsögnunum til aðgerða sem jafna megi til vinnustöðvana og brots á friðarskyldu, þar sem ekki væru skýr lagaákvæði fyrir hendi. Þessi dómur kalli því á að lögnum verði breytt til til samræmis við það sem gildi á almennum vinnumarkaði. Séu þessi rök notuð hlýtur að gilda það sama um önnur ákvæði laganna, þ.e. að samræma beri þau til hlýtar. Opinberir starfsmenn hafa margoft bent á nauðsyn þess að endurskoða þurfi lögini í heild með hagsmunum beggja aðila að leiðarljósi. Samstarfi um slíkt hefur verið hafnað.

Í frumvarpinu er aðeins verið að gæta hagsmuna annars aðilans með því að þrengja enn meira að réttarstöðu opinberra starfsmanna. Frumvarpið er því til þess að auka enn á það ósamræmi sem gildir í reglum, annars vegar um opinbera starfsmenn og hins vegar um starfsmenn á almennum vinnumarkaði.

Félag íslenskra leikskólakennara harmar það að fjármálaráðherra hefur ekki viljað samstarf við samtök opinberra starfsmanna um breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og leggst því alfarið gegn einhliða breytingum á lögnum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags íslenskra leikskólakennara


Björg Bjarnadóttir formaður